

Sp.

320. Tillaga til þingsályktunar

[134. mál]

um endurheimt handrita og forngrípa.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að bera nú þegar fram við dönsk stjórnarvöld kröfu vora um það, að skilað verði aftur handritum þeim og forngrípum, sem Íslendingar eiga í dönskum söfnum.

Greinargerð.

Það er allkunnugt, að í söfnum í Danmörku er mikill fjöldi íslenskra handrita og forngrípa, er til Danmerkur voru flutt fyrir á öldum úr skjolasöfnum hér og eigu einstakra manna. Það eru ekki skiptar skoðanir um það hér á landi, að Íslendingar séu réttir eigendur handrita þeirra og forngrípa, sem hér um ræðir. Krafa þeirra á hendur danskra stjórnarvalda um, að Íslendingum séu afhentir þessir fjársjóðir, styðst við siðferðislegan, sögulegan og lagalegan rétt þeirra í þessu efni, Íslendingum er það, eins og gefur að skilja, mikið og hjartfólgið áhugamál að fá þessar dýrmætu sögulegu heimildir og fornminjar í sína vörzlu, til varðveislu í sínu eigin landi. Þess varð ekki langt að biða, eftir að stjórnin var flutt inn í landið upp úr aldamótunum, að fram væri horin á Alþingi krafa um það, að stjórnin beitti sér fyrir því, að mál þetta yrði tekið upp og að því unnið, að viðurkenndur yrði eignarréttur Íslendinga á þessum fjársjóðum og þeim skilað aftur. Galt Alþingi ályktun um þetta efni einróma jákvæði sitt. Síðan hefur að minnsta kosti verið ályktun um það gerð á Alþingi þrisvar sinnum að fá þessum kröfum fullnægt. Eigi hefur þetta þó borið árangur enn sem komið er, annan en þann, að skilað hefur verið aftur úr safni Árna Magnússonar einhverju af handritum, sem báru þess skýlaus merki, að Árni hefði fengið þau að láni.

Er eigi við það hlítandi lengur, nú eftir að slitir hafa verið að fullu stjórnarfarsleg tengsl milli Íslands og Danmerkur, að ekki sé með fullri festu og einurð gengið eftir rétti vorum til þess að fá aftur fjársjóði þessa í vorar hendur. Er þetta einn og ekki þýðingarlitill þáttur í reikningsskilum þeim milli landanna, sem ljúka þarf nú eftir sambandsplitin.

Þegar ég á öndverðum vetri á síðasta þingi bar fram fyrirspurn um það til ríkisstjórnarinnar, hvað hún hygðist að aðhafast í þessu máli, benti utanríkisráðherra á, að nefnd manna, er danska stjórnin hefði skipað, fjallaði um þetta mál og mundi mega vænta álits frá henni þá innan skamms. Þetta hefur brugðizt. Ekkert hefur enn heyrzt frá nefnd þessari eða fregnir af því horizt, hvort hún hefist nokkuð að eða ekkert. Og gjalda skyldu íslensk stjórnarvöld varhuga við því að halda að sér höndum í málinu af þeim sökum einum, að skipuð hefði verið í Danmörku nefnd, er hugleiða skyldi málið. Þess er og vert að geta, að fræðimenn vorir hafa ekki látið þetta fyrirbæri slæva eggjar sínar í sókn þessa máls. Þvert á móti hafa þeir nú upp á síðkastið hert mjög róðurinn um lausn málsins. Hafa nú um skeið birzt hér nokkrar skeleggar greinar í blöðum og tímaritum um málið, þar sem vel og röggssamlega er haldið á rétti Íslendinga og eigi dregin dul á rétt þeirra til þess að fá þessum kröfum sínum fullnægt. Þá hafa og birzt í dönskum blöðum raddir frá Dönum sjálfum, sem taka undir og viðurkenna þetta sjónarmið Íslendinga. Er að þessu öllu ærinn styrkur fyrir ríkisstjórn vora, er hún lætur nú málið til sín taka og gerir gangskör að því að krefjast þessa réttar vors.